

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag íslenskra leikara, vegna leikmynda- og búningahöfunda
við Þjóðleikhúsið
hins vegar

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.
Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. mars 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.
Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 2.1.1 hækki sem hér segir:

1.03.2015	Þrep 1	kr. 322.954
	Þrep 2	kr. 334.732
	Þrep 3	kr. 346.983
	Þrep 4	kr. 359.723
	Þrep 5	kr. 372.972
	Þrep 6	kr. 386.753
	Þrep 7	kr. 401.084
	Þrep 8	kr. 415.944

1.06. 2016: Laun hækka um 6,5%.

1.06. 2017 Laun hækka um 4,5%.

1.06. 2018 Laun hækka um 3,0%.

1.02. 2019 Sérstök eingreiðsla, 70.000 kr., greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

3. gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	78.000 kr.
Á árinu 2016	82.000 kr.

Á árinu 2017	86.000 kr.
Á árinu 2018	89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	42.000 kr.
Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.
Á árinu 2018	48.000 kr.

4. gr. Mánaðagreiðslur

Frá 1. janúar 2016 breytast eftirfarandi greinar og verða sem hér segir:

- 2.2.1 Laun leikmynda-/búningahöfundar fyrir meðalverkefni skulu nema 6,5 mánaðarlaunum skv. gr. 2.1.1.
- 2.7.1 Ef tveir eða fleiri leikmynda-/búningahöfundar eru ráðnir að sama verkefni, skulu greiðslu vera með eftirfarandi hætti:
Fyrir meðalverkefni skal greiða höfundi leikmyndar 5 mánaðarlaun og búningahöfundi 5 mánaðarlaun skv. gr. 2.1.1.
Fyrir stór og flókin verkefni og frumuppfærslu nýrra íslenskra verka skal greiða höfundi leikmyndar 6,5 mánaðarlaun og búningahöfundi 6,5 mánaðarlaun skv. gr. 2.1.1.

5. gr. Atvinnurekendagjöld

Frá 1. janúar 2016 breytast eftirfarandi greinar og verða sem hér segir:

- 5.1.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 1% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í Sjúkrasjóð BHM.
- 5.2.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 0,25% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í orlofssjóð BHM.

Frá 1. janúar 2016 tekur gildi ný grein:

- 5.3 Starfsmenntunarsjóður
- 5.3.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 0,22% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í Starfsmenntunarsjóð BHM.

6. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er félaginu heimilt að segja samningum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 14. desember 2015 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 10. desember 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Félags íslenskra leikara
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Halldóra Friðjónsdóttir (sign.)

Birna Hafstein (sign.)

Sara Lind Guðbergisdóttir (sign.)

Ilmur Stefánsdóttir (sign.)

Helga Stefánsdóttir (sign.)

**Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags íslenskra leikara
10. desember 2015**

Bókun 1

Aðilar að samningi þessum skuldbinda sig til að undirgangast þau skilyrði og skuldbindingar sem fram koma í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, er undirritað var þann 27. október 2015, ásamt síðari breytingum. Það felur m.a. í sér að aðilar undirgangast sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 og fylgja þeirri framtíðarsýn um meginstoðir nýs íslensks samningalíkans er þar næst samkomulag um.